

13. gr. og eptir atvikum er ákveðinn 120 kr. Á hinn bóginn virðist eigi næg ástæða til að dæma fjelaginu bætur fyrir gjaldtrausts-spilling.

Hin skipaða málsfærsla er forsvaranleg.

Málflutningslaun hins skipaða verjanda virðist hæfilega metin 30 kr., er greiðist úr landsjóði.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð á að vera ógild.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps á að skila aptur til kaupfjelags Þingeyinga hinum lögteknu vörum, 100 pd. kaffi og 16 kössum af frönsku kaffi, ella svara verði þeirra, kr. 206,56, sömuleiðis ber nefndinni að greiða fjelaginu í málskostnað 120 kr. Að öðru leyti á hreppsnefndin að vera sýkn af kröfum kaupfjelagsins.

Hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar, yfirkennara H. Kr. Friðrikssyni, bera 30 kr. í málflutningslaun, er greiðast úr landsjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 31/1888.

Hið opinbera
gegn
Gesti Pálssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Reykjavíkurkaupstaðar, kveðnum upp 10. júlí þ. á., var kandiðat Gestur Pálss-

son dæmdur fyrir harða reið á götum bæjarins í 5 kr. sekt og allan af málinu leiðandi kostnað, en þeim dómi hefur að beiðni hins kærða verið skotið til landsyfirdómsins.

Þótt álíta verði, að það sje nægilega sannað, að hinn kærði hafi 1. júlí þ. á. riðið hart á götum bæjarins, og þannig brotið bann lögreglustjórans í Reykjavík gegn harðri reið í bænum, er kærði hefur kannazt við að honum hafi verið kunnugt, verður kærði samt ekki dæmdur í sekt í þessu máli, með því bannið ekki leggur neina sekt við, þótt brotið sje gegn því. Það ber því að sýkna hinn kærða og eptir atvikum ber að greiða málskostnað, þar með talin málflytningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 8 kr. til hvors þeirra, úr almennum sjóði.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, kandídat Gestur Pálsson, á að vera sýkn af ákæru hins opinbera í þessu máli. Allur málskostnaður, þar með talin málflytningslaun til sóknara og svaramanns fyrir landsyfirdóminum, málaflytningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 8 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannaþje.